

## TÓNLEIKAR

## Sumartónleikar í Skálholti

Á sumartónleikum í Skálholti 16. og 17. þessa mánaðar leikur Ragnar Björnsson íslenskar orgeltónsmíðar. Tónleikarnir hefjast kl. 15.00 báða dagana. Á sunnudag hefst messa kl. 17.00 og eru kaffiveitingar að henni lokinni.

Frumfluttir verða níu sálmaforleikir eftir fimm íslensk tónskáld á orgeltónleikunum. Hugmyndin að efnisskránni, segir Ragnar að hafi eiginlega komið of seint, en hann bað nokkur íslensk tónskáld að skrifa fyrir sig sálmaforleiki yfir íslensk sálmalög til að flytja á

þessum tónleikum. Þrátt fyrir stuttan fyrirvara brugðust tónskáldin vel við og urðu til níu tónverk yfir íslensk sálmalög. Ætlunin er að fá þessi verk gefin út í fjölríti fyrir íslenska organista. Tónverkin eru eftir Atla Heimi Sveinsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Jón Nordal, Leif Þórarinnsson og Ragnar Björnsson. Sem einskona ramma um sálmaforleikina leikur Ragnar í upphafi tónleikana Chaconne um upphafsstef Þorlákstíða eftir Pál Ísólfsen og í lokin Preludium, Kóral og Fúgu um íslenskt sálmalag eftir Jón Þórarinnsson.



## MYNDLIST

## Stefán frá Möðrudal sýnir í Djúpinu

STEFÁN frá Möðrudal opnar sýningu í Gallerí Djúpinu, Hafnarstræti, kl. 15.00 í dag.

Á sýningunni eru 67 olíumálverk og eru flestar myndanna málaðar á þessu og síðasta ári. Í samtali við blaðamann Morgunblaðsins sagði Stefán að hann hefði byrjað að mála á unga aldri, fimm eða sex ára. Hann lærði hjá Ásgrími Jónssyni listmálara, um tveggja ára skeið og hefur einnig

fengið tilsögn hjá Geir Þormar, myndskurðarmeistara og Hauki Stefánssyni, þekktum andlitsmálara í Bandaríkjunum.

Flestar myndanna á sýningunni eru landslagsmyndir en einnig eru þar málverk af hestum og fólki. Sýningin stendur til 27. ágúst og er opin frá kl. 11 til 23 alla dagana.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis.



## MYNDLIST

## Valtýr í Þrastalundi

VALTÝR Pétursson er um þessar mundir með árlega málverkasýningu sína í Veitingastofnunni Þrastalundi við Sog. Á sýningunni eru 25 olíumálverk. Þetta er sjöunda sýning Valtýs í Þrastalundi og lýkur henni á morgun.



## KJARVALSSTAÐIR

## Nína, Sveinn og Sigfús

ÞESSA dagana stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning þriggja listamanna Nínu Gautadóttir sýnir nú í fyrsta sinn hérlandis. Á sýningunni eru 14 veggskúlpúrverk sem gerð eru á árunum 1975-80. Nína lærði í Listaháskólanum í París þar sem hún er einnig búsett nú. Í myndir sínar notar hún aðallega netagarn og hamp. Verkin eru öll til sölu.

Sveinn Björnsson hefur málað frá árinu 1964 og lærði við akademíuna í Kaupmannahöfn. Hann hefur mikið verið til sjós en er nú rannsóknarlögreglu- maður. Sveinn á margar sýningar að baki, en síðast sýndi hann í Kaupmannahöfn 1978.


Sigfús Halldórsson hóf nám í málalist 16 ára gamall og lærði þá hjá Birni Björnssyni og Margeiri Guðmundssyni. Árið 1944 fór hann til Englands og lærði leiktjaldagerð, auk þess sem hann tók húsmálun sem

aukagrein. Þetta er þriðja sýning Sigfúsar. Alls eru 84 málverk eftir hann á sýningunni, þar af 52 til sölu.

Sýning listamanna er opin daglega frá kl. 14 til 22 og stendur til 24. ágúst.

Á sunnudaginn kl. 15.30 verða

nokkur laga Sigfúsar leikin í jazzútsetningu Magnúsar Ingimundarsonar. Ásamt Magnúsi leika á sunnudaginn, Reynir Sigurðsson, Alfred Alfredsson, Jón Sigurðsson, Kristján Jónsson, Sigurður Flosason, Rúnar Georgsson og Árni Elvar.



## MYNDLIST

## Umhverfislistasýningin á Korpúlfsstöðum framlengd.

Ákveðið hefur verið að framlengja umhverfislistasýninguna, Experimental Environment 1980, sem staðið hefur yfir að Korpúlfsstöðum að undanfögnu. Að sögn aðstandenda sýningarinnar hefur aðsóknin verið góð, sérstaklega um helgar, og var því ákveðið að framlengja sýninguna til sunnudagskvölds en upphaflega átti henni að ljúka á síðastliðin fimmtudag.



Umhverfisskúlpúr á umhverfislistasýningunni að Korpúlfsstöðum sem lýkur á sunnudag.